



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 18. mars 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar fimmtudaginn 18. mars 2010, kl. 9:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Verkstaða ýmissa verkþátta.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Verkstaða ýmissa verkþátta:

- Lögð fram gögn frá Raftákn vegna lýsingar, hljóðkerfa, myndavélakerfis og brunavarnakerfis. Samþykkt að fela Raftákni að ljúka samningum við aðila um kaup á efni og að verkið verði unnið af Rafþjónustu HP. ehf. Ákveðið að gera einnig ráð fyrir þjófavarnarkerfi.
  - Farið yfir gögn vegna frágangs á útsvæði við vatnsrennibraut. Samþykkt að kaupa „leikvallagúmmi“ á svæðið og var tækideild falið að ljúka útfærslu þess.
  - Aðgangsstýringarkerfi. Farið yfir þá vinnu sem er í gangi við útfærslu á því. Tæknideild falið að vinna áfram að verkefninu.
  - Útisturtur. Rætt um möguleika og útfærslu á útisturtum við sundlaugina. Samþykkt að vinna samkvæmt tillögu Jóhannesar hjá Pípulagnaverktökum og skoða frekar á næsta fundi.
  - Skápar og öryggishólf. Rætt um skápa í búningsklefa og framkomin tilboð í þá.
  - Búið er að ganga frá samningum um kaup á vatnsrennibrautinni við Sport-Tæki ehf.
2. Önnur mál.
    - Rætt um frágang á körum undir brautarlúgunum sem taka við brautarskiptingunum þegar þeim er slakað niður í kjallarann.
    - Keyptir verða 4 plastjöfnunartankar vegna frágangs í kjallarann.
    - Stefán kynnti útfærslu á girðingunni og skýrði hana út.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 10.30.

Valgarður Hilmarsson  
Guðmundur Haraldsson  
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason